

Ákvörðun 26/2021  
Föstudagur, 25. júní 2021

## Kaup AU 5 ehf. á 60% hlut í Gröfu og grjóti ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna AU 5 ehf. (hér eftir „AU 5“) og Gröfu og grjóts ehf. (hér eftir „Grafa og grjót“). Við samrunann eignast AU 5 60% í rekstri Gröfu og grjóts. AU 5 er 100% í eigu framtakssjóðsins Umbreytingar sem leggur áherslu á umbreytingarverkefni. Starfsemi Gröfu og grjóts felst fyrst og fremst í hvers kyns jarðvegsvinnu og framkvæmdum.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu þann 20. maí 2021. Með tilkynningunni fylgdi svokölluð styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Samrunaskráin taldist fullnægjandi og tóku frestir til rannsóknar því að líða 21. maí 2021. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókna eftirlitsins á sama markaði og opinberra gagna, auk þess sem eftirlitið aflaði umsagna hjá hagsmunaaðilum.
3. Starfsemi samrunaaðila sem starfa á ólíkum mörkuðum, er eftirfarandi:
  - a) AU 5 er 100% í eigu framtakssjóðsins Umbreytingar sem leggur áherslu á umbreytingaverkefni.
    - Umbreyting er 7 milljarða króna fjárfestingasjóður í eigu stofnana- og einkafjárfesta. Sjóðurinn var stofnaður árið 2017 og hóf fjárfestingar á árinu 2018 með stofnun AU 2 og kaupum á öllu hlutafé í Borgarplasti. Alfa Framtak var stofnað árið 2017 og er rekstraraðili framtakssjóðsins Umbreytingar.
    - AU 1 er 100% í eigu Umbreytingar.
    - AU 2 er 98,74% í eigu Umbreytingar. Félagið var stofnað árið 2018 í þeim tilgangi að fara með 100% hlutafjár í Borgarplasti ehf. Borgarplast er 99,99% í eigu AU 2 og sérhæfir sig í framleiðslu á plastvörum til nota í sjávarútvegi og byggingariðnaði.
    - AU 3 er í 100% eigu Umbreytingar. Málmsteypa Þorgríms Jónssonar ehf. (hér eftir „Málmsteypa Þorgríms Jónssonar“) er 100% í eigu AU 3.<sup>1</sup>
    - AU 4 er í 100% eigu Umbreytingar.<sup>2</sup> AU 4 á 75% hlut í Bál ehf. og 60,19% hlut í Solvent ehf. Bál og Solvent eiga samtals 52,08% hlutafé í Greiðslumiðlun Íslands. Greiðslumiðlun Íslands er eignarhaldsfélag sem á dótturfélögin Motus ehf., Greiðslumiðlun ehf., Slæður ehf., Lausafé ehf. og 96% í Faktóriu ehf. Starfsemi

<sup>1</sup> Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 43/2019, *Samruni Sjóðsins AU 3 ehf. og Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf.*

<sup>2</sup> Sjá ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 21/2019, *Kaup AU 4 ehf. á hlutafé í Bál ehf. og Solvent ehf. – breytt yfirráð yfir Motus og tengdum félögum.*



samstæðunnar felst í alhliða kröfubjónustu við fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök, þar með talin fjármögnun og kaup viðskiptakrafna.

- Umbreyting á 31,33% hlutafjár í félaginu Nox Holding ehf.

b) Grafa og grjót var stofnað árið 2002. Félagið hefur verið í rekstri frá þeim tíma. Starfsemi Gröfu og grjóts felst fyrst og fremst í hvers kyns jarðvegsvinnu og framkvæmdum. Grafa og grjót fer ekki með yfirráð í neinum félögum.

4. Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar, þ.e. AU 5 og Grafa og grjót, starfi á ótengdum mörkuðum. Með samrunanum auki því enginn samrunaaðila við markaðshlutdeild sína eða styrki hana, engin breyting verði á fjölda keppinauta á hlutaðeigandi mörkuðum og samþjöppun engin. Þá liggi fyrir að samrunaaðilar eigi ekki eignarhluti eða aðra fjárhagslega hagsmuni í keppinautum hvors annars. Af því leiði að engin neikvæð samkeppnisleg áhrif verði vegna samrunans.
5. Í samrunaskrá segir að í samrunanum felist lóðrétt skörun að því leyti að Grafa og grjót sé viðskiptavinur Málmsteypu Þorgríms Jónssonar, sem sé í eigu Umbreytingar í gegnum AU 3. Hlutdeild Gröfu og grjóts í viðskiptum Málmsteypu Þorgríms Jónssonar árið 2020 hafi verið um [ ]<sup>3</sup> af heildarveltu. Samrunaaðilar telja engar líkur á að samruninn geti haft í för með sér útilokandi áhrif fyrir fyrirtæki á efra sölustigi, enda stór viðskiptavinagrunnur til staðar á lægra sölustigi. Þá selji Málmsteypa Þorgríms Jónssonar efni til keppinauta Gröfu og grjóts. Með vísan til þess og mikilvægis þeirra viðskiptasambanda lýsa samrunaaðilar því yfir að ekki munu gilda nein sérkjör í viðskiptum Gröfu og grjóts og Málmsteypu Þorgríms Jónssonar, heldur munu almennir viðskiptaskilmálar áfram gilda. Með hliðsjón af framangreindu telja samrunaaðilar að engin óæskileg lóðrétt áhrif felist í samrunanum.
6. Samkeppniseftirlitið fellst á það með samrunaaðilum að ekki séu vísbendingar um að aðilar málsins hafi eða muni öðlast markaðsráðandi stöðu með samruna þessum og teljast samkeppnisleg áhrif óveruleg enda starfa samrunaaðilar á ótengdum mörkuðum. Sú skörun sem er á milli Gröfu og grjóts og Málmsteypu Þorgríms Jónssonar sem er í eigu AU 3 er takmörkuð. Þá lýstu hagaðilar sem rætt var við vegna rannsóknarinnar ekki yfir neinum áhyggjum vegna samrunans.
7. Eftir að hafa athugað þær upplýsingar sem liggja fyrir í málinu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé tilefni til þess að grípa til íhlutunar vegna samrunans en að mati Samkeppniseftirlitsins eru engar vísbendingar um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

---

<sup>3</sup> Trúnaðarupplýsingar.



## I. Ákvörðunarorð

**„Kaup AU 5 ehf. á 60% hlut í Gröfu og grjóti ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í málinu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson